1932

Guðmundur Gíslason Keldudal

Ritað af ýmsum fjelögum.

# Fundargjörðabók

# U.M.F. Hegri.

Stríð 1929 – 30 – 31 – 32 – 33 – 34 –

3/8 1929? — 13/1 1935

# Fundargjörð.

Fundur var haldinn í ungmannafélaginu
Hegra á Kárastöðum sunnudaginn 3 ágúst
Fundarstjóri var Ásgeir Sigurjónsson og setti
hann fundinn og bað hann Leó Jónasson
og Ásgrím Sveinsson að vera fundarskrif-
ara, og las svo upp fundargjörð frá síðasta
fundi. Málefnamaður var Guðmundur Gíslas
og kom hann með málefni hvort væri
betri krókur eða kelda, var það rætt talsvert
mikið og fanst sumum betra að fara krók
en keldu, en aðrir töldu betra að fara
keldur er þær væru færar.
þessir tóku til máls Guðmundur Gíslason
Sig Ólafsson Leó Jónasson Þórarinn Jónasso
svo var það málefni tekið út af dagskrá
þá myntist Ásgeir Sigurjónsson á það hvenær
væri heppilegast fyrir félagið að fara í
heyskapinn var það rætt talsvert mikið,
og var ákveðið að gera það seytjánda

sunnudaginn. allir vildu að við hefðum tvær sláttuvélar og var Leó Jónassyni falið að útvega þær. Kváðust sumir geta komið með einn hest aktýgjaðan og aðrir með tvo, til að slá með og raka á. Þá myntist Páll Sigurðsson á það hvernig ætti að hafa það við þá sem ekki komu til að heyja, var það mál rætt lítið en Sigurður Ólafsson kom með tilllögu svo hljóðandi. „Hver félagi sem ekki kemur, skildi greiða jafnmikið hey eins og hver félagi hefði heyjað til jafnaðar þennan sunnudag eða þess virði; og voru allir þessari tilllögu samþykkir. Síðan var þetta málefni tekið út af dagskrá. Svo skipaði fundarstjóri Þórarinn Jónasson fundarstjóra til næsta fundar og Ásgrím Sveinsson málefnamann.
Fundi slitið.

Leó Jónasson.
(Þ. S. S. ritari félagsins.)

# Fundargjörð.

Þann 26. október 1930 var fundur settur og haldinn í U. M. F. „Hegri" að Kárastöðum.
Fundarstjóri var Þ. S. Skiðdal; nemdi hann til fundarskrifara Þórarinn Jónasson og Sigurð Jónasson. Fundargerð lesin upp og sampykt. Vegna þess að málefnamaður var fjarstaddur bað fundarst. Sig. Ólafsson að koma með málefni, og var málefnið „vetrarsatarfsemi fjelagsins og íþróttakensa. Þetta var töluvert rætt, og varð sú niðurstaða að ekki svaraði kostnaði að taka fimleika kennara í „Nesið"; en sumir höfðu við orð að sækja kjenslu framm að Reykjum.
Síðan kom fram tillaga um að æfa leiki og íþróttir til gagns og skemtunar á eptir fundum, helstar voru þessar: Skauta og skíðaferðir, knattspyrna, glíma o.fl. Tími til íþrótta á að fara eptir því hve dagur endist á eptir fundum. Þessi tillaga var rædd og sampykt með öllum atkvæðum.

Þessir tóku til máls: Sig. Olafsson, Þ. S. Skíðd. Guðm. Gíslason, Leó Jónasson, Ásgeir Sigurjónsson, og Pál Sigurðsson. Eptir þetta var málið tekið út af dagskrá. Því næst bar Leó Jónasson upp merkis málið og var það talsvert rætt; að lokum var Sig. Olafssyni falið að útvega merkið í R. vík í vetur. Hámark verðsins var ákveðið 5. kr. Málið tekið út af dagskrá. Til blaðrituna á næsta fund nefndi fundarstjóri: Magnús H. Gíslason, Eirík Benidiksson og Sigurpál Árnason; fyrir málefnamann Sigurð Jónasson, og fundarstjóra Guðm. Gíslason.
Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

Þórarinn Jónasson og Sigurður Jónasson fundarskrifarar.....

(Guðm. Gíslason ritari fjelagsins.)

## Fundargjörð.

Þann 21/12 var fundur í U. M. F. H. settur og haldinn að Ási í Hegranesi. Fundarstjóri var Guðm. Gíslason. Eptir að fundur var settur. var fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp og samþikt; svo var blaðið lesið upp. Því næst bar Leó Jónasson upp það málefni hvort ekki væri ráðlegt að fresta skemtisamkomunni, og var það nokkuð rætt. en samþikt að lokum að fresta henni til 10 janúar.
Þá bar Guðm. Gíslason fram þá tillögu, fyrir Þ. S. Skíðdal sem var fjarstaddur, að hætta við að hafa Álfadans til skemtunar á fyrir hugaðri skemtisamkomu, var það álitun fundarins, að hafa annað hvort enga samkomu eða hafa Álfadans til skemtunar; og var sá vegur valinn að halda skemtisamkomu og Álfadans meðal annars til skemtunar. Þá var borin upp og samþikt tillaga um að skipa einn mann sem skyldi benda á erindi

til að syngja fyrir og eptir fundi.
Fundarstjóri var skipaður Sig. Ólafsson. Blaðritarar
Þórarinn Jónasson, Sæun Jónasdóttir og Hafsteinn
Sigurðsson. Málsfna maður Eiríkur Benidiktsson
og til að taka til sönglög, til að syngja fyrir og
eptir fundi, var skipaður Magnús H. Gíslason.
Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Þórarinn Jónasson fundarstj.

(Guðm. Gíslason ritari fjelagsins.)

# Fundargjörð.

Þann 1. febrúar er aðalfundur settur og
haldinn að Hárastöðum. Fundarstjóri er
Leó Jónasson en skrifari Þórður S. Skíðdal.
Fundargjörð síðasta fundar samþykt, og blaðið lesið
upp. Reikningar fjelagsins lesnir upp af
gjaldkjera þess.
Í stjórn voru kosnir þessir,

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Sig. Ólafsson | með | 10 | atkvæðum |
| | Þórður S. Skíðdal | -- | 8 | atkv. og |
| | Guðm. Gíslason | --- | 5 | atkv. |
| Til vara | Leó Jónasson | --- | 4 | atkv. |
| | Þórarinn Jónasson | --- | 3 | atkv. |
| | Ásgeir Sigurjónsson | --- | 2 | atkv. |

Á sambandsfund voru þessir kosnir

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Þórður S. Skíðdal. | með | 7 | atkv. og |
| | Guðm. Gíslason | -- | 6 | atkv. |
| til vara | Leó Jónasson | --- | 5 | atkv. |

Málsfnamaður í forföllum Eiríks Benidiktssonar

er Þórður S. Skiðdal og var það: „Hver er stefna ungmennafjelaganna til bindindis málsins.
Ýmsir tóku til máls og ræddu það fram og aptur og virtist í fyrstu sem allir myndu ekki verða sammála, en brátt uppgafst sá sem virtist helst vera á móti bindindis málunum, eða minsta kosti hætti hann að ræða það.
Tveir af þeim sem tóku til máls vildu láta breita lögunum og hafa algjört bindindi en var aldrei borið undir atkvæði.
Í vitnemd eru skipaðir Sig. Ólafson, Guðm. Gíslason og Sig. Jónasson.
Málefna maður Guðm. Gíslason en til vara Leó Jónasson. Fundarstjóri Þórður S. Skiðdal.
Fundi slitið.

Þórður S. Skiðdal skrifari

(Guðm. Gíslason ritari fjelagsins.)

# Fundargjörð.

Þann 4 febrúar 1931 var haldinn aukafundur í U. M. F. H. að Ríp. Gjörðir fundarins voru; Þátttaka í dráttarvjelakaupum framsögumaður Þórður S. Skiðdal.

„ Fundurinn ákveður að leggja fram 500 kr til dráttarvjela kaupa í Rípurhreppi gegn því að fá vjelina til jarðvinslu á 4um hekturum (ef fjelagið getur fengið hentugt land til ræktunar) að kostnaðarlausu nema vjelamann. - - -
Ef land fæst ekki, lánar fjelagið umgetnar 500 kr. með vöxtum. Fundi slitið.

Sig. Ólafsson. skrifari

(Guðm. Gíslason ritari fjelagsins.)

# Fundargjörð.

Þann 6 april var fundur settur og haldin í Ú.M.F. „Hegri“ að Kárastöðum. Fundarstjóri var Guðm Gíslason og setti fundinn, þvínæst var fundargjörð síðasta fundar lesin upp. Síðan tók málefnamaður Ásgeir til máls, málefnið var hvort fjelagið vildi eða gjæti keyft Landeyjja skálann. Þar tóku til máls auk málefnamans Leó J. Guðm. G. Þórarinn Jónasson. Síðar var borin upp tillaga hvort fjelagar vildu kaupa skálann ef hann færi ekki yfir 300,00 Kr. og var það samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Ásgeiri Sigurjónssyni var falið að fynna sýslumann og fá hann til að bjóða skálann upp í heilulagi. Málefnið tekið út af dagskrá.
Síðan lýsti Leó Jónasson yfir að heyskapar nemdin hefði ekki getað útvegað betra engi en í fyrra, og því tekið það sama, enga leigan sje ~~[illegible]~~ svipuð. Síðan var blaðið „Hegri“ lesið upp. Að því búnu var grein Hafsteins tekin og borin undir allra fjelaga dóm og samþykt að taka hana úr blaðinu og helst að hann gjörði það sjálfur, og að hann svari með kurteisari orðum.
Síðan var borin upp áskorun svohljóðandi; =
Búnaðarfjelagsstjórnin ráði heilsugóðann og vel hæfan mann á „Traktorinn“ samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Fundarstjóri var skipaður Páli S. málefnamaður Eiríkur Ben. Ritnemd Sesun Jónasd., Eiríkur Benediktss. og ~~[illegible]~~ Þórður S. Skiðdal.

Fundi slitið.

(Fundarstjóri Þórarinn Jónasson.)

(Guðm. Gíslason ritari fjelagsins)

# Fundargjörð.

Hinn 5/7 1931 var fundur haldinn að Kárastöðum, í U. M. F. Hegri.
Fundinum stýrði Paul Sigurðsson á Hellulandi
Fundargjörð frá síðasta fundi var eigi lesin upp, vegna þess að þáverandi fundarritari hafði gleymt henni heima.
Blaðið var eigi lesið upp; vegna þess, að ritnefnd hafði ekki skilað því á fundarstaðinn, eða komið því á framfæri á annan veg.
Málefnamaður var eigi mættur, og horfðist því eigi vænlega á um fundarefni. Tók þá fundarstjóri til sinna ráða, og snjeri hann sjer til fjelaga Sigurðar Ólafssonar og bað hann að koma með eitthvert málefni, og varð fyrnefndur Sigurður vel við bón fundarstjóra; hvaddi sjer hljóðs og hvað tíma til komin að tala um ræktunarmál fjelagsins, og voru þau þá þvínæst tekin til umræðu.
Þá tók til máls Þórarinn Jónasson.

Gjeri hann fyrir spurnir til ræktunarnefndar eða landsútvegunarnefndar eða hvað hún nú heitir og var hún svo hljóðandi. Mig langar til að nefnd sú, er kosin var til að útvega landið skýri fundinum frá störfum sínum og athöfnum, í máli þessu, svo fundurinn gangi einskis dulinn í málinu og viti um störf nefndarinnar og gáng málsins á á öðrum grundvelli, en það lítið að frezt hefði á skotspónum. Þá hvaddi Þórður S. Skiðdal sjer hljóðs og skýrði nákvæmlega frá störfum nefndarinnar og hvaðst hafa unnið einn að útvegun lansins og hvað sig hafa sjeð um samning á skjali suður. Til Stjórnarráðsins og faðir sinn hefði gleimt að taka skjalið, er hann kom heim, og það sæti því enn suður í Stjórnarráði; og hvað hann sig þá hafa gert það, er hann gjæti enn í bili.
Næstur talaði Guðmundur Gíslason og snérist mál hans aðallega um merkin á Ripi og fleira, urðu talsverðar umræður útúr ræðu hans og þó aðallega um hvar landið fengist, „girðinguna og fleira.

og voru ýmsir er tóku til máls. Þá stóð upp Páll Jónasson og gerði hann fyrir spurn til fundarins, hvort hann hefði þar málþelsi. Var fyrir spurnin borin upp fyrir fundin og samþikt í einu hljóði. Hóf hann þá mál sitt og hjelt all skörulega ræðu, og kom víða við, skýrði hann meðal annars frá viðtali er hann hafði átt við umboðsmann Ripur og taldi hann engar torfærur á því að land fengist á hentugum stað í Ripurlandi, eftir þær upplísingar, er hann hafði feingið hjá umboðsmanni Ripur.
Talaði hann svo á við og dreyf um málið af talsverðum skilningi og miklum áhuga, og að lokum bauð hann fjelaginu að aka dráttarvjelinni fyrir fjelagið, við vinslu á landi þess einn sunnudag því að kostnaðarlausu, þar eð fjelagið feingi vjelina sjer að kostnaðarlausu og þirfti ekki að greiða annað en kaup mansins, er aki, og lauk hann máli sínu með nokkrum vel völdum hvatningarorðum til fjelaganna. Þá hóf máls Sig. Ólafsson og þakkaði

Páli fyrir hans góða boð fjelaginu til handa, og skörulega ræðu, skírði frá mörgu málinu viðkomandi er jeg nenni eigi að draga hjer fram.
Þá talaði Páll Jónasson og kom hann víða við að vanda, hann sagði meðal annars að stir[?]þur mindi þá ít úta ræktunina, er svara mindi kostnaði er leiddi af áburðarkaupum og fræi, er í landið þyrfti.
Þá talaði Þórarinn Jónasson, talaði hann um ræktun landsins, og margt viðvíkandi girðingu í kringum blettinn, er hann hvað eigi þörf á að setja upp í sumar og fl.
Þá talaði Sig. Ólafsson og kvað það mundu verða talsverð útgjöld fyrir búnaðar fjelagið þar eð áætlað hefði verið að kostnaður við vjelina væri 45 kr. pr. á dagsláttu, en búnaðarfjelagið geingist undir að láta ungmenna fjelagið fá vjelina án endurgjalds, þareð fjelagið hefði lagt fje í dráttarvjelina. Þá talaði Þórður G. Skíðdal og skyrði hann frá fjárhag U. M. F. Hegri og kvað hann að Hegri mindi gjeta ~~(~~ lánað búnaðarfjelaginu fje fyrir olíu á dráttarvjelina, ef með þyrfti. Um fremur taldi hann upp ýmsa fjárhagsliði fjelagsins „Hegra“ og

áminnti fjelaga um að greiða tillög þeirra í sjóð
fjelagsins; en viðkomandi vinslu landsins, þess er Hegri
hefði hugsað sjer að vinna nú í sumar, þá taldi hann
að ekki gjæti komið til mála að vinna alla vinslu
landsins á helgum dögum, vegna þess að dráttarvjelin
yrði ekki látin standa úti milli helga, og enfremur
að Sigurður á Egg hyggðist að láta dráttarvjelina
inn í skálann í Reyn. Þá talaði Páll Jónasson
og taldi hann góðar upplýsingar þær er Sigurður
hafði gjefið og var hann samnáta honum í því
að ekki gjæti komið til mála að rækta alt það
land, er fjelagið hygðist að rækta á helgum, og
vildi hann að dráttarvjelin yrði tekin nú þegar er
hún hefði lokið störfum á Egg, og látin vinna
helminginn af landi fjelagsins. Þá var skeggrætt
um hvar dráttarvjelin ætti að standa í sumar, en
eigi nenni jeg að eltast við þær umræður.
Þvínæst var borin upp tillaga frá Þórarni
Jónassyni, er hljóðar svo. „Fundurinn samþykkir að
taka til ræktunar á þessu ári að minsta kosti helming
af væntanlegu landi fjelagsins"; og var hún samþykt í einu
hljóði. Þá talaði Sig. Ólafsson og taldi hann að
stjórn Hegra ætti að setja upp nýja skó og fara á
fund Þórarins á Rípi og leita honum fyrir sjónir
að mótstaða hans gegn landþing „Hegra" sje á misskilning-
bygð, taldi hann að betra væri að gjera þetta til
að komast hjá þegð Þórarins til fjelagsins, þeirri
er hlýti að leiða af því ef eigi væri við hann talað.
Því næst var málið tekið útaf dagskrá.
Annað mál á dagskrá var Heyskaparmálið.
Þórarinn Jónasson hóf umræður, og taldi þetta mál
áður rætt, og þyrfti því eigi að ræða það hjer.
Var það því tekið útaf dagskrá.
Þá skipað fundarstjóri málefnanamann til næsta
fundar og varð fyrir vali hans Þórarinn Jónasson.
Fundarstjóri til næsta fundar var skipaður
Guðmundur Gíslason í Keldudal.
Ritnemd hin sama og áður. Fleira ekki fyrirtekið.
Fundi slitið.

(Sig. B. Jónasson fundarritari)

(Guðm. Gíslason
ritari fjelagsins)

(ritað af Alfreð Jónassyni.)

## Fundargjörð.

Fundur var haldinn að Kárastöðum sunnudaginn 13 desember. Fundarstjóri var Guðm. Gíslason.
Á fundinum var rætt um landið sem átti að taka til ræktunar, hvort það skildi takast austur við braut, eða austan við Hólmavatnið. Þetta var rætt talsvert, og vildu flestir halda sig við landið við vatnið sem var samþykt á fundi í fyrra. Einnig var rætt um girðingar efnið og sparar vatnið talsvert af því. Málið tekið útaf dagskrá. Leó Jónasson flytur tillögu um hvort fjelagið átti ekki að halda samkomu, var það afráðið að efna til samkomunar, og áttu sem flestir að vinna jamt að undirbúningi, var þetta samþikt og málið tekið útaf dagskrá. Í skemtinefnd voru kosin, Guðm. Gíslason, Leó Jónasson og Laun Jónasdóttir. Fundarstjóri var skipaður Sig Ólafsson. Málefnamaður var ekki mættur, er því só hinn sami á næsta fundi. Fundi slitið.

(Laun Jónasdóttir fundarritari)
(Guðm. Gíslason ritari fjelagsins)

## Fundargjörð.

Fundur var haldinn í Hróarsdal sunnudaginn 10 janúar 1932. Fundarstjóri var Sig. Ólafsson, en fundarskrifari Ásgeir Sigurjónsson.
Fyrst lesin upp grein frá því í vor skrifari Alfreð Jónasson.
2. Málefnamaður Leó Jónasson, og var málefnið, prestur er á öllu bestur eða öllu er best aflokið.
Málefnið ekki rætt og því tekið útaf dagskrá.
Laun Jónasdóttir kóm með þá tillögu um að taka blaðið og skipa nýja ritnemd til að rita í það.
Laura Jónasdóttir kom með þá tillögu um að koma landinu í framkvæmd, var þat tekið til umræðu, og voru skiftar skoðanir hvar ætti að taka það. sumir vildu hafa það upp við Hólmavatn en sumir niður hjá Beingarði.
Síðast komu fram tvær tillögur á fundinum, og hljóðar aukatillagan þannig.
Fundurinn ákveður og samþikkir að taka útmælda

erfðafestu spildu austur við Beingarðsbraut og telur það að flestu leiti hentugan stað.
Aðaltillagan hljóðar þannig.
Fundurinn óskar eftir að erfðafestuland ungmennafjelagsins verði við Hólmavatn eins og ákveðið hefir verið í fyrri fundarsamþiktum.
Síðan var gengið til atkvæða um hvorn blettinn skildi taka, og voru þessir með aukatillögunni. Pál Sigurðsson.
Ásgeir Sigurjónsson, Guðm. Gíslason, Leó Jónasson og Sig. Ólafsson.
En með aðal tillögunni; Eiríkur Benidiktsson Magnús H. Gíslason, Sigurður Jónasson, Iðunn Jónasdóttir, Sigurlaug Jónasdóttir, Þórarinn Jónasson. Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

(Ásgeir Sigurjónsson fundarstjóri
(Guðm. Gíslason ritari fjelagsins)

## Fundargjörð.

Þann 14 febrúar 1932 var aðalfundur í U. M. F. „Hegri" haldinn að Kárastöðum. Fundinn setti Eiríkur Benidiktsson Eihildarholti og stirði honum, og nemdi til ritara Sig. Ólafsson.

Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Fundurinn hófst með því að sungið var „Hvað er svo glatt."

II. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþikt án athuga semda.

III. Lesin upp lög og stefnuskrá fjelagsins, og voru gjörðar eftir farandi lagabreitingar: 3. grein.
Viðauki við þessa grein, á eftir orðunum „víni og tóbaks-nautn" komi: og sje algjert bindindi innan 25. ára aldurs, og þeim sje ekki leift að nota það meðan þeir eru í fjelaginu, auk þess vill fjelagið vinna að því að eldri meðlimir þess minki þessar nautnir svo sem hægt er með því að opna o.s.frv.
Við 5. gr. Viðauki við þessa grein „ og sjeu allir skildir

að taka til máls á fundum, og segja álit sitt um málefni þau sem á dagskrá eru: —

Við 9. gr. Viðauki við þessa grein. — „Þó greiða fjelagar innan 15 ára hálfu lægra fjelagsgjald“. „Yngra fólki en 12 ára o.s.frv. falli burt.

Við 10. gr. Falli aftanaf þessari grein „og að úrsegjand o.s.frv. og til enda.

Við 11. gr. Viðauki við þessa grein — þeir sem eru orðnir 85 ára geta skorast undan kosningu.

Við 14. gr. Breiting. í stað „1. maður“ komi „3 menn“. —

Breitingar og viðaukar þessir bornir upp og samþykt ir hver útaf fyrir sig, og lögin með á orðnum breitingum borin upp og samþikt í einu hljóði; og sömuleiðis stefnuskrá fjelagsins. —

IV. Þá sóttu um inntöku í fjelagið Sigurður Þórarson bóndi á Egg Gísli Magnússon bóndi Eikildarholti Páll Bjornsson bóndi Beingarði, og Sigmar Hróbjart~~sson~~ Hamri, og var það samþykt með öllum atkvæðum.

V. Lesið upp blað fjelagsins af riturum þess.

VI. Reikningar fjelagsins frá fyrra ári lesnir upp og útskírðir af gjaldkjera fjelagsins Þórði S. Skidal, og var þeim visat til endur skoðenda fyrir næsta fund.

VII. Framtíðarstarfsemi fjelagsins. Þá hóf Sig. Ólafsson umræður um störf fjelagsins á yfirstandandi ári; mintis þó aðallega á erfða festulandið, og lagði fram leigusamning því viðvíkjandi til álits fyrir fjelagsmenn áður enn undirskrift hans færi fram. Umræður urðu tvískiftar eins og þyr hvað landið skildi taka, og eftir að álit flestra fundarmanna var fram komið, kom frummælandi með svo hljóðandi tillögu: — „Fundurinn fái 3 óvilhalla menn utan fjelagsins, til að gjefa uppi álit sitt um hver staður inn væri hentugri til ræktunar, og fyrir framtíðar störf fjelagsins“: Tillagan borin upp og samþikt. Þá var bent á þessa menn. Gísla Jakobsson bónda í Keldudal, Guðm. Ólafsson bónda í Ási og Hróbjart Jónasson bónda á Hamri, og var ós það eftir að þeir sendu álit sitt fyrir næsta fund. Og var það borið upp og samþikt. Þá var mál þetta tekið útaf dagskrá.

VIII. Starfsmanna kosningar fyrir þetta ár.
Í stjórn kosnir: Guðm Gíslason Keldudal með 15 atkv. Leó Jónasson Hróarsdal með 12 atkv. og Sig. Ólafsson Kárastöðum með 9 atkv., og í varastjórn: Eiríkur Benidiktsson, Þórður S. Skíddal og Pál Sigurðsson. Endurskoðendur reikninga Eiríkur Benidiktsson og Ásgeir Sigurjónsson. - Móðurmálsverðir. Sig. Ólafsson og Þórður S. Skíddal. Sambandsnds fulltrúar: Guðm. Gíslason og Leó Jónasson. Fundarstjóri til næsta fundar Leó Jónasson. Málefna matur Sig. Jónasson, og ritnemd Leó Jónasson, Þórarinn Jónasson, og Magnús H. Gíslason. Þó var sungið „Jeg vil elska mitt land. Aukafundur ákveðinn næsta sunnudag að Egg. Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

(Sig Ólafsson fundarskrifari.)

(Guðm. Gíslasson ritari fjelagsins.)

## Fundargjörð.

Þann 21. febrúar 1932 var aukafundur haldinn í U.M.F. „Hegri", að Egg. Fundarstjóri Leó Jónasson og nemdi hann til ritara Sig. Ólafsson. Gjörðir fundarins voru.

I Sungið „Vormenn Íslands".

II Lesin fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt án athugasemda.

III Framtíðarstarfsemi fjelagsins. - Framsögumaður Sig. Ólafsson. Hóf hann umræður um framtíðarstörf fjelagsins á þessu ári um erfðafestulandið, og las upp svohljóðandi nemdar álit það er milli fundanemd sú er kosin var hafði sent;

„Við undirritaðir sem höfum verið tilnemdir af U. M. F. „Hegri", til að láta uppi álit okkar á tveim blettum, sem fjelagið hefir völ á til ræktunar. Við höfum því gengið um báða blettina og athugað þá eftir föngum.

Okkar álit er að bletturinn upp við Hólmavatn sje fremur óálitlegur til ræktunar, þar sem hann er að mestu mjög óþýðir holtamóar. Aftur hefur bletturinn niður við Miðveginn miklu meira gott mýrgraslendi, sem er talið ágjætt til ræktunar, og þeir holtamóar sem þar eru, eru fremur ræktarlegir. Okkar álit er því að betri ræktunarskylyrði sjeu fyrir hendi á blettinum við Miðveginn, og svo hefir hann þann stóra kost að hann liggur þjett við akbraut, sem verður að teljast svo mikill höfuð kostur, til flutninga að og frá blettinum.

Við viljum því ráða fjelaginu til að taka blettinn við Miðveginn til ræktunar.

pt. Beingarði 15 febrúar 1932

Guðm. Ólafsson
Hróbjartur Jónasson
Gísli Jakobsson

eftir nokkrar umræður var samþikt svohljóðandi tillaga. Fundurinn lætur í ljósi ósk sína og samþikkir að fá trúnaðarmann búnaðarfjelags Íslands til að skoða erfðafestu landið og gera kostnaðar áætlun, yfir framræslu og girðingar og ræktunarkostnað á báðum blettum þem er fjelagið hefur haft völá, og legst sú áætlun fyrir næsta fund ef hægt yrði.

IIII Þá var til umræðu ýmsar framkvæmdir þessu viðvikjandi, o.s.. Kaup á girðingu og fleiru, eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga. Fundurinn felur stjórn fjelagsins að sjá um framkvæmd á kaupi á girðingarefni, áburði og grasfræi eftir því sem hún sjer að fjelagið gjetur, efnahagsins vegna, á þessu ári. Og var hún samþikt.

V. Sungið „Hvað er svo glatt.“

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

(Sig Ólafsson fundarskrifari)

(Guðm. Gíslason ritari fjelagsins.)

# Fundargjörð.

Þann 18 desember 1932 var fundur settur og haldinn í U.M.F. „Hegri“ að Hróarsdal af Guðm. Gíslasyni. Fundurinn hófst með söng, sungið var. „Hvað er svo glatt“, og „Ó fögur er vor fóstur jörð“, tvítekið. Gjörðir fundarins voru: þessar.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Lesið upp bréf frá S.U.M.F.S., og borið undir fundinn grein fyrir grein. Fyrsta og annari spurningu bréfsins var svarað neitandi vegna þátttökuleisis, en útaf þeim ~~tillögum~~) umræðum kom fram svohljóðandi tillaga. „Fundurinn samþykkir og ákveður að reyna að iðka útiíþróttir á hverjum fundi þegar tími og tækifæri leyfir,“ samþikkt með öllum greiddum atkvæðum.
3. Umræður um bindindis málið enduðu með svohljóðandi tillögu. „Fundurinn er því mótfallinn að svo komnu, að bindindis ákvæði sjeu ~~sett~~) sett inní lög sambandsins, en vill hinsvegar vinna að því að fjelagsmenn noti ekki vín og vinni að bindindis málum einsog öðrum þjóðþrifa málum.

~~Sþ~~ Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Málið tekið útaf dagskrá.

4. Þá var Lestrarfjelags málefni borið fram af Sig. Ólafssyni. Útaf því máli kom fram svohljóðandi tillaga. „Fundurinn ályktar að skrifa hreppsnemd beiðni þess efnis, að hún hreifi máli lestrarfjelagsins á væntanlegum Búnaðarfjelags fundi nú í vetur. Einnig samþykkir fundurinn að kjósa ~~me~~ nemd, til að semja lög hins væntanlega nýja Lestrarfjelags“; Til þess voru kosnir Guðm. Gíslason, Sig. Ólafsson, og Þórarinn Jónasson. Samþykkt með öllum atkvæðum. Málið tekit útaf dagskrá.
5. Þá bar Leó Jónasson upp, framræslumál fjelagsins, og var það talsvert rætt, og að endingu var svohljóðandi tillaga samþykkt. „Fundurinn samþykkir að framræslu skurði fjelagsins verði

jafnað niður í metratölu en ekki eptir tíma tölu.
Samþykt með öllum atkvæðum.

6. Skipaðir í ritnemd: Gísli Magnússon, Sigurpáll Árnason, Eiríkur Benidiktsson, og Magnús H. Gíslason

Fundarstjóri Þórarinn Jónasson. Síðan voru sungin nokkur lög.

Fundi slitið.

(Þórarinn Jónasson fundarstjóri)

(Guðm. Gíslason ritari fjelagsins.)

Fundargjörð!
1933

Fyrsta janúar var fundur settur að Hamri. Þórarinn Jónasson setti fundinn og nemdi Guðm. Gíslason málefnamann og tók hann íþróttir til umræðu og taldi sundið bæði þarflegt og skjemtilegt og einnig benti hann á ýms dæmi úr sögu lands vors um nitsemi sundsins.

Þá tóku til máls Leó Jónasson og Þórarinn Jónasson og töldu Guðm. Gíslason rjett mæla um sundið.

Þá tók G.G. til máls og taldi rjett vera að hreifa því á sambandsfundi að rjett væri að leiða í landslög að hvert barn um fermingu væri nokuð synt, svo sem bringu bak, og björgunarsund. Um mál þetta tóku allir til máls og voru samþikkir. Þá bar G.G. tillögu upp fyrir fundinn og hljóðar þannig.

„Fundurinn óskar eptir og samþikkir að

sambands-fulltrúar þessa fjelags hreifi því á næsta sambands-fundi, að sunda verði gjört að skildú námsgrein í barnaskólum.
Næst lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþikt. Þá var og lesin upp Reglugjörð lestrarfjelagsins og rædd, breitt lítilsháttar, og samþykt með öllum greiddum atkvæðum.
Síðan skilaði ritnemd af sjer verkum sínum sem vóru næsta lítil.
Þá kvaddi fundarstjóri sjer hljóðs og nemdi Gísla Magnússon fundarstjóra, og í Ritnemd Sig. Ólafsson, Sigurpál Árnason og Þórarinn Jónasson, og málefnamann Pál Sigurðsson, og vara fundarstjóri var settur Magnús H. Gíslason

Fundi slitið.!

(Sig. Jónasson fundarskrifari)

(G. G. ritari fjelagsins.)

## Fundargjörð.

Sunnudaginn 15. jan. 1933. var aðalfundur settur og haldinn að Reykhildarholti. Fundarstjóri var Gísli Magnússon og nefndi hann til fundarritara Magnús H. Gíslason.
Gjörðir fundarins voru þessar:
I Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþ.
II Lesið upp blað félagsins.
III Lesnir upp reikningar félagsins, og kosnir endurskoðendur, þeir Guðm. Gíslason og Páll Sigmundsson.
IV Þá tók málefnamaður Páll Sigmundsson til máls. Sagðist hann hafa heyrt að það ætti að vera skemmtun á Litla-Garði, í vor og einn fremur að þar ætti að reyna hesta. Kvaðst hann hafa gaman af að spyrja félagsm. hvort þeir vildu ekki afa hesta sína og reyna þá þar og einnfremur að stjórna kapp

reiðunum. Allmiklar umræður urðu um
málið. Þeir Guðm. Gíslason og Leó Jónasson,
gáfu fundarm. all ítarlega lýsingu, á
kappreiðum þeim sem háðar voru á
Litla-Garði 1930 og sq, sem líklega hef
verið einn af þeim fáu fundarm. sem ekki
fór á þá skemmtun, tel mig sælan að hafa
ekki þurft að horfa upp á þann óskapn.

Þórarinn Jónasson tók þá til máls og sagði
að réttast væri að hvert u. m. f. reyndi sína
hesta og kæmu þeir svo allir saman, á Litla-
Garði. Óskaði hann og þess að málinu yrði
hreyft á sambandsfundi.

Þá talaði Gísli Magnússon. Sagði hann að kapp-
reiðar hefðu oftast orðið til skammar hér í
sýslu, og væri það þarft verk, ef u. m. f.
bjargaði því máli. Ennfremur sagði hann,
að félagsm. þyrftu að fá menn til að æfa
hestana á skeiðvellinum, því að það væri
mikils vert að hestarnir væri æfðir

vellinum vanir, þegar úrslitaorusta yrði
háð.

Eftir að búið var að ræða málið allmik-
ið, eins og allt sem er verið að þvo, kom
fram svohljóðandi till. frá Þórarni Jónassyni
„Fundurinn álítur að bjóða sambandsstjórn,
að leggja til einn mann í dómnefnd kapp-
reiða á Litla-Garði í vor, velja skeiðvöll-
inn og leggja til merkisgjafa þar."
Tillagan borin upp og samþ.

V Þá minntist Leó Jónasson á ræktunar-
málin. Ræddi hann um málið á víð og dreif
~~Kvaðst~~ Kvaðst hann vera með tilboð, frá ó-
nefndum manni, í skurðgröftinn. ~~Hefðu~~
Hefðu þeir talað svo um, að skurðgrafa þessi,
fengi einn hest af heyi fyrir hverja 10 m.
sem hún grafi. Málið var nokkuð rætt og
komu fram mjög einróma raddir um
að taka þessu boði.

VI Nú átti að fara fram mjög fjölsamar

stjórnarkosningar, en þá stekkur Sigurður Bjönasson upp af stólnum. Svarpaði hann þingheim með þrumu raust og hvast vera með beiðni frá Sveini Gíslasyni um inngöngu í félagið. Fundarmenn samþ. að taka Svein í þetta sæla samfélag og var hann síðan í snatri gerður að „hegra".

VII Þá fór fram stjórnarkosning, og hlutu þessir hnossið: Guðm. Gíslason með 8 atkv., Leó Jónasson með 8 atkv. og Þórarinn Jónasson með 8 atkv. Málefnanaður til næsta fundar var kosinn Þórarinn Jónasson. Í ritnefnd: Leó Jónasson, Guðm. Gíslason og Paul Sigurðsson. Til fundarstjóra fyrir næsta fund var kosin: Sesselja Jónasdóttir. Þá litu fundarmenn yfir allt það sem þeir höfðu gert á fundi þessum og sjá, - það var harla gott.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið

(Magnús Gíslason) fr.)

f.h. G.G. Magnús Gíslason

## Fundargjörð.

Þann 26. febr. 1933 var fundur settur og haldinn í U. M. F. Hogni að Miðarsdal. Fundinum stjórnaði Sesselja Jónasdóttir og setti Sig. Bjönasson skrifara.

Gjörðir fundarins voru:

I Sungin trú lög.

II Rætt upp málefni um heyskap félagsins, framsögum.: Þórarinn Jónasson. Taldi hann rétt vera að félagið heyjaði meira en liðin þrjú, sem ekkert heyjaðist í vor. Var rætt til og frá um málið, og að lokum samþ. þessi till.

„Fundurinn álíktar, að fá engi til heyskapar á næsta sumri, og haga þannig bindingu á heyjum, að félagar komi saman næsta sunnudag eftir heyskapardag, til að binda heyið; en bregðist það, er stjórn félagsins heimilt að kaupa menn til að binda

þekkja og gera utanum heyið."
Þá var rætt um heyskaparnefnd og var það vandlega verk falið stjórninni með öllum greidd-
um atkv.

III Samþ. var að kaupa fræ og áburð til tilraunar, svo sem efni og áburður leyfðu og var forstjóra u.m.f. falið að senda Búnaðarfél. og i Rípurhrepps pöntun.

IV Þá tók til máls fundarstjóra og hvað best vera að ljúka hálfgerðu miskunnarverki á lestrarfélaginu, þar sem menn væru óánægð-
ir yfir skapi því sem Hegri hefði gert á bókaútlánið hér í sveitinni. Var þessu vel tekið.
Þá var kosin stjórn lestrarfélagsins og hlutu þessir kosningu: Gutm. Gíslason með 8 atkv., Þórarinn Jónasson með 8 atkv. og Sigurður Ólafsson með 4 atkv.

V Þá stóð upp fundarskrifari af síðasta fundi, Magn. H. Gíslason og las hann upp fundargerð sína með miklum skörung-
leik; var hún samþ. með almennings lofi.

VI Lesið blaðið „Hegri," af ritstjórum þess. Fyrstur las Leó Jónasson ritgerð sína sem líktist nunnu-
söng í kaþólskum sið. Þá tók Gutm. Gíslason „Hegra" ~~af~~ með tveim höndum, og las ritgerð sína sem fjallaði mest um kartöflur og fóðrun hesta, og þótti frá sérstaklegu sjónarmiði séð, dá vel samin.

VI Fundarstjóra reis úr sæti sínu og skip-
aði allsköruglega fyrir í ritnefnd: hr. Pál Sigurðsson, Sigurlaugu Jónasdóttur og Sig. B. Jónasson. Málefnamann: Sigurð Ólafsson ötulsbónda og fundarstjóra Gutm. Gíslason.

VIII Þá stóð upp Gutm. Gíslason og gerði fyrir-
spurn til fundarins hvort félagar væru því mótfallnir að bjóða Hróbjarti Jónassyni að gjörast heiðursfélagi „Hegra" og var það einróma samþ.

IX Sungin nokkur lög.

X Fundarstjóra kvaddi sér hljóðs og sagði fundi slitið samkv. lögum. (Sig. B. Jónasson fr.)
sh. G.G. Magnús H. Gíslason

# Fundargjörð.

Þann 26. apríl 1933 var fundur settur og haldinn að Keldudal. Fundinum stýrði Guðm. Gíslason og nefndi Þórarinn Jónasson til fundarskrifara. Gjörðir fundarins voru þessar.

I Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþ.

II Lesin og útskírð fundargjörð S.U.F.S. af Sig. Ólafssyni. Útaf henni spunnust talsverðar umræður, einkum um hið forna Hegraþing þe Lilla- Varð en engar fastar ákvarðanir teknar. Málið tekið útaf dagskrá.

III Hróbjartur Jónasson þakkaði með fögrum orð. um fyrir heiður þann er sér hefði verið sýndur af félaginu og óskaði því velgengni og alls góðs í framtíðinni

IV Lesið, af formanni félagsins, þakkarávarp frá Hróbjarti Jónassyni til félagsins fyrir þann heiður sem u.m.f. hefði sýnt sér með því að kjósa sig heiðursfélaga „Hegra“

V Tilbjóð upp á rekstrarmáli félagsins, af Sig. Ólafssyni og gerði hann ýmsar fyrirspurnir um þau mál, og var það upplýst af ýmsum. Þá kom og til umræðu framræslu-mál félagsins. Urðu ýmsar ræður um hvernig jafnað hefði verið niður skurðgreftrinum; var þvælt aftur á bak og áfram um þetta, leitað í gömlum fundargerðum, að aldurstakmarki gagnvart niðurjöfnunn á verki þessu en fanst hvergi. Urðu talsverðar æsingar útaf þessu. Að endingu kom fram svohljóðandi tillaga frá Hróbjarti Jónassyni „Kvenfólk og drengir yngri en 16 ára vinni við skurðgröft, helming móts við eldri karlmenn Þeir sem yngri eru en 12 ára, vinni ekkert.“ Till. samþ. með öllum atkvæðum. Málið tekið út af dagskrá.

VI Sigurður Ólafsson vakti máls á málefni lestrarfélagsins og var það rætt af mesta [illegible] og á við og dreif svo sem [illegible]ingu á bókum og smíði á bókaskáp.

Gagnvart því upplýsti Hróbjartur Jónasson að nú væri ekki fáanlegur ódýr viður hér og sagðist ekki hafa viljað taka við fyrir sig og því ekki frekar fyrir ~~sjálfan sig~~ hest varsfél.

Síðan upplýstu þeir frændur, Hróbjartur Jónasson og Sigurður Ólafsson ýmislegt viðvíkjandi vátryggingunum. Að endingu var Hróbjarti Jónassyni falið að vátryggja bókasafnið fyrst og fremst til haustsins og síðan til frambúðar. Málið tekið útaf dagskrá.

VII Lesið af ritnefndinni blað félagsins „Hegri"

VIII Lesið upp úr Kvöldvökum í Kennaraskólanum, saga er heitir „Signýjar hárið", lesið af Hróbjarti Jónassyni. Var það skemmtileg saga og skörulega lesin

IX Fundarstjóri skipaði þannig fyrir: málefnanam: Sigurpáll Árnason, fundarstjóra til næsta fundar: Páll Sigurðsson. Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið. (Þórarinn Jónasson fr.)

fh. G.G. Magnús Gíslason

## Fundargjörð.

Sunnudaginn 14. jan. 1934 var aðal fundur settur og haldinn að Hróarsdal. Fundinn setti formaður og stjórnaði honum. Nefndi hann til fundarritara Guðm. Gíslason. Störf fundarins voru þessi.

I Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþ.

II Lesin upp lög félagsins og samþ.

III 2 nýjir félagar bættust við þeir: Guðm. Stefánsson Ási og Guðjón Einarsson s. st.

IV Lesin upp úrsögn Sigrúnar Jónasdóttur

V Lesnir upp reikningar félagsins. Töluverðar umræður spunnust útaf ~~frá~~ ti ráðleggingum Hróbjartar Jónassonar um hvernig best væri að haga reikningsfærslu félagsins. Þessar ráðleggingar voru til mikillar bóta.

VI Kosnir endurskoðendur reikninga þeir: Sig. Ólafsson og Guðm. Gíslason.

VII Rætt um ræktun félagsins. Það mál var rætt

á víð og dreif um loforð voru tekin af félög-
um í skurðgreftri. Þessi loforðin hér á eftir:
Leó Jónasson ca 40 klst., Þórarinn Jónasson 30 klst.
Sigurður Jónasson 30 klst., Sigurlaug Jónasd. 20 klst.,
Sigurður Ólafsson 30 klst., Guðm. Stefánsson 40 klst.,
Guðjón Einarsson 30 klst., Sigmar Hróbjartsson 30 klst.
Sveinn Gíslason 30 klst., Guðm. Gíslason 30 klst. Svo
framarlega sem hann verði hér í Hegranesi þegar
grafið verður. Ábendur og frapöndun rædd.
Málið síðan tekið útaf dagskrá.

VIII Rætt um Lestrarfélagið. Framsögumaður
Sigurður Ólafsson. Umræður um þetta urðu
töluverðar og tóku nokkrir félagar til máls
og ræddu um málið á víð og dreif, t.d. um
rekstur félagsins og annað því um líkt.
Málið tekið útaf dagskrá.

IX Kosin stjórn Lestrarfélagsins: Þessir hlutu
kosningu: Þórarinn Jónasson, Sigurður Ólafsson
og Guðm. Gíslason.

X Kosið í stjórn U.M.F. Hegra: Þessir hlutu
kosningu: Þórarinn Jónasson með 9 atkv., Sigurður
Ólafsson 9 atkv. og Leó Jónasson með 6 atkv. Varamenn:
Páll Sigurðsson með 2 atkv., Guðm. Gíslason 2 atkv. og
Guðm. Stefánsson með 1 atkv.
Þessir voru skipaðir í ritnefnd: Guðm. Gíslason,
Guðm. Stefánsson og Sigurður Ólafsson. Fundarstjóri
til næsta fundar: Guðm Stefánsson.
Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

(Guðjón Gíslason f.r.)

F.h. G.G. Magnús Gíslason
Eyhildarholti
Skagafirði

## Fundargjörð.

Ár 1937 þann 18. nóv. var fundur settur og haldin í U.M.F. „Ægir" að Árársdal. Vegna þess að fundarstjóri mátti ekki, stýrði form. fundinum. Og vegna þess að enginn félaga vildi taka sig frá vandamlegum umræðum, sneri form. sér til Sigurjóns Jónassonar í Árársdal og bað hann annast fundarbókun. Gjörðir fundarins voru þessar:

I Félagar sungu nokkur lög

II Lesin upp og samþ. með nokkrum breytingum, fundargjörð frá síðasta fundi

III Borin upp inntökubeiðni frá Karli Jóhann Magnússyni á Togg og var hún samþ. með öllum atkv.

IV Fundahöld komandi vetur, framsögum. Sig. Ólafsson. Þá tók til máls Magnús H. Gíslason. Hann talaði á þessa leið: Ég tel það óþolandi að helmingur æskunnar í sveitinni skuli halda sig utan félagsins og held ég það því best til ráða, að fara á veiðar til fjölgunar í félaginu því það er orðið sýnilegt að við fáum ekki fleiri í félagið, nema við viljum sjálfir leggja eitthvað á okkur, til þess að svo geti orðið.

Þá stóð upp Leó Jónasson gjaldkeri og talaði um að félagsfundirnir þyrftu að vera skemmtilegri en þeir hefðu verið og efni fjölbreytt. Æskan hefir lítið gaman af sömum þessum samræðum sem oft er aðal efni fundanna hér hjá okkur og álít ég því að hér þurfi að breyta um til þess að félagið geti haldið áfram að starfa.

Þá talaði Sigurður Björnsson um horfur félagsins í skemmtanamálum og lauk hann máli sínu þannig: „Þeim sem hér hafa talað er ég samþykkur um að félagið og fundir þess þurfi að vera skemmtilegri. En við erum hálsvilltir ennþá og áður en við förum lengra, held ég að við þurfum að fá okkur byggt húsnæði; þegar það er orðið þá getum við fyrst farið að lífga félagið fyrr ekki"

Magnús H. Gíslason talaði aftur. Hann sagði:

„Ef við hugsum til skemmtisamkomu í vetur þá verðum við að hafa eitthvað það að bjóða sem dregur fólkið að; við erum illa staddir með húsapláss og þar að auki í afskekktu sveitarplássi og fólk leggur ekki á sig að koma á samkomu til okkar nema því aðeins að við höfum eitthvað það að bjóða sem sjaldgæft er en því skemmtilegt." Sigurður Olafsson sagði að reynandi væri að bæta útbreiðslufund og bjóða þangað þeim sem líklegastir væru til að gerast félagar. Ennig mætti reyna að stofna til afmælisfagnaðar það væri víða gert í ungmennafélögum og öðrum félögum og hefði það reynst vel.

Leó Jónasson sagði að ekki nægði að hafa skemmtilegan fund einu sinni eða tvisvar á ári, heldur þyrfti hver einasti fundur að geta verið öllum til skemmtunar; t. d. mætti taka upp þann sið, sem félagið hafði áður, að hafa dans á eftir hverjum fundi.

Þá talaði Magnús Gíslason og sagði m. a. „Til þess að hægt sé að hafa dans á eftir fundum, eins og hér hefir verið bent á, er eitt til fyrirstöðu og það er að okkur vantar kvenfólkið. Ég held það myndi þykja hálfþurt, og það er það vissulega, að strákur dansi við strák."

Þá talaði formaður og hvað nauðsynlega skemmtun og mætti hún þá vera á milli jóla og nýjárs þá hefði félagið verið verið endurreist og hvað hann þá sérstaklega vera tilhlýðilegt, að skemmtun yrði einmitt á þessum tíma og gæti hún þá um leið orðið afmælis-hátíð félagsins.

Þar næst talaði ungfrú Sigurlaug Jónasdóttir. Hún sagði svo: „Ég held að það sé mjög óhyggilegt fyrir okkur að stofna til almennrar og óbreyttrar danssamkomu, þær hafa nú og oft misfarist hjá okkur, það höfum við reynt og þessvegna er ég því fylgjandi að haldin verði árs- eða afmælishátíð með fjölbreyttri skemmtiskrá og einhverju því að skemmti

un þessi verði haldin milli jóla og nýjárs Skemmtun verðum við að hafa því að okkar eru eingin gamalmenni."

Þá talaði hinn nýji félagi Karl J. Magnússon honum fórust þannig orð: „Ég er nú óvanur umræðum, en skilli mig þó ekki um að lýsa ánægju minni yfir till. Sig. Ólafss. um ársfagnað. Einnig er ég samþ. Magnúsi H. Gíslasyni um það, að kennmannslaus dansar eigi á skemmtun; hef ég prófað það ásamt fleirum og man ég að mér þótti ekki eins gaman að þeim dansi."

Kom þá uppástunga frá Magnúsi H. Gísla. um það að lesnar væru upp smellnar sögur og gamankvæði til skemmt. á fundum.

Sigurður Ólafsson sagði að vel mætti hafa stutta leikþætti til skemmtunar og upplífgunar í félaginu.

Karl J. Magnússon sagði að fyrst þyrfti að útvega félaga og síðan skemmtanir.

Þá talaði formaður (Þórarinn Jónasson) og kvað best vera að kjósa þriggja manna nefnd til undirbúnings útbreiðslufundar og afmælisfagnaðar. Ennfremur sagði hann að það væri sín uppástunga að Magnús H. Gíslason væri kosinn til þess að afla manna í félagið.

Þá stakk Leó Jónasson uppá þessum mönnum í skemmtinefnd: Sigurði B. Jónassyni, Magnúsi H. Gíslasyni og Karli J. Magnússyni. Nokkrar umræður urðu um starfssvið nefndarinnar. Magnús H. Gísla. sagðist vilja láta nefnd þessa einráða í þeim málum sem hún næði til. Hann sagði ennfremur: „Ég get ekki tekið að mér að ferðast á milli fólks og biðja það að ganga í félagið, en hinsvegar vil ég láta alla félaga skylda að meðlimafjölgun félagsins. En hvað skemmtinefndinni viðvíkur, þá vil ég láta hana hafa (þ. e nefndina) leyfi til þess að taka hvern þann félaga er hún vill sér til aðstoðar".

Um þetta urðu nokkrar umræður, en þá
var till. Magnúsar Gíslasonar að lokum samþ.
Þá talaði Leó Jónasson. Hann sagði að fagnað-
urinn hlyti að hafa nokkurn kostnað í för með
sér, og til þess að hlífa sjóði félagsins við útgjöld-
um af því að þau myndu verða nóg samt, þá
hefði sér dottið í hug, að félagsmenn efndu til sam-
skota en ákveðið var að geima það mál til næsta
fundar, sem ákveðinn var 16. des. n.k.

V mál Félagsblaðið „Hegri". Framsm. Þórarinn Jónasson.
Sagði hann að sér fyndist nú mál að ýta við blað-
inu „Hegri", hann hefði nú lengi sofið og það engu
lausara en nafni hans og húsbóndi¹) hefði gert.
Óskaði hann eftir áliti félagsmanna á máli þessu
„Sjálfur er ég eindregið með því að það haldi
áfram starfsemi sinni" þannig mælti hann.
Stóð þá Sigurður Ó. Jónasson upp og sagði að
umræður um málið væru óþarfar atkvæðagreiðsla
væri nægileg. Var því næst samþ. með öllum
greiddum atkvæðum að „Hegri" skyldi koma út

1) félagið „Hegri"

áfram og var gjaldkera falið að útvega bók und-
ir blaðið, þar sem sú gamla væri þrotin.

VI Samþ. að kaupa blöðru í fótbolta félagsins;
svo hægt væri að hafa hann til skemmtunar á fundum
Því næst borin upp áður framkomin till. Skemm-
tinefndina og val hennar. Var hún samþ. með
5 atkv. gegn 2 atkv.

Fundarstjóri til næsta fundar skipaður:
Magnús H. Gíslason. Málefnamaður: Leó Jónasson.
Í ritnefnd: Sigurður Ólafsson, Þórarinn Jónasson
og Leó Jónasson. Að endingu sungin nokkur lög.
Fleira gerðist ekki    Fundi slitið.

(Sigurjón Jónasson Br.)

F.h. Sig. Ól. Magnús H. Gíslason.

# Fundargjörð.

Hinn 13. jan. 1935 var aðalfundur settur og haldinn í U.M.F. „Hegri" að Hróarsdal. Fundinn setti Leó Jónasson og nefndi til fundarritara Steingrím Jónasson. Ritari síðasta fundar hafði gleymt fundargjörð sinni heima og varð hún því ekki lesin né samþ. á fundi þessum

Gjörðir fundarins voru þessar:

I Sungin nokkur lög.

II Sigurður Ólafsson las ritgjörð sína um örnefni í Hegranesi og var hann sá eini er skilaði störfum að þessu sinni. Ritgjörð þessi var fróðleg mjög, enda höfðu fundarmenn hið besta gaman af henni. Að því búnu las sami ferðasögu er hann nefndi „Skógarför". Það var ágæt ritgjörð og luku fundarmenn yfirleitt lofsorði á hana, og hlógu dátt, enda höfðu sumir við orð að Sig. Ólafsson ætti mikinn heiður skilið fyrir alla sína fyndni.

III Lesnir reikningar félagsins og samþ. með öllum atkv. Það þótti ekki nokkrum manni gaman sem ekki var heldur nokkur von.

IV Lög fél. lesin öll í heild og grein fyrir grein, breytt lítilsháttar og samþ. Málið tekið útaf dagskrá.

V Skemmtinefnd hóf mál sitt, frmsm. Magnús Halldór. Hann lýsti því yfir að húsnæði væri fengið fyrir skemmtisamkomu, að Ási, og mælti mörgum fögrum orðum þar að lútandi. Að endingu óskaði hann eftir till. fundarm. um skemmtiatriði á væntanl. samkomu. Ýmsar till. komu fram t.d. ræða frá sra Helga Konráðssyni, söngflokkur, kvartaflokkur, spil, tafl, og skrumauglýsingar o. fl. Þá heyrðist að á skemmtinefnd, að hún hefði í hyggju að leika smáleik á skemmtun þessari. Þá heyrðust ýmsar raddir sem á móti mæltu og töldu okkur vanmegnuga um annað eins: Umræðunum þeirra endaði með því, að skemmtinefnd var falið með öllum atkv. (að undant. 2) að ráða hvort hún hefði leikrit þetta eða ekki.

VI Þá hóf Guðm. Stefánsson mál sitt og gerði fyrirspurn

til félaga um, hvort þeir vildu eða gjeta skafnað söng-
flokk til að syngja á skemmtuninni. Atkvæða var leitað
um, hvort félagar vildu gera tilraun, til slíkrar flokks-
myndunar, með nafnakalli. Já sögðu: Magnús H. Gísla-
son, Jónína Sigurðardóttir, Karl J. Magnússon, Sigurður
B. Jónasson, Leó Jónasson, Sigurður Ólafsson, Páll Sigurðs-
son, Sigurlaug Jónasdóttir, Ragnheiður Þórarinsdóttir,
Jóhanna Þórarinsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Sveinn
Þ. Gíslason, Ásgeir Sigurjónsson, Þórarinn Jónasson.
Nei sögðu: Sigmar Hróbjartsson, Guðjón Einarsson.

VII Borið undir atkv. hvort reyna ætti að fá séra Helga
Konráðsson til rætuhalds. Það var samþ. með öllum
atkv. og Guðm. Steinssyni falið starf þetta.

VIII Þá hóf Magnús Halldórs mál sitt og sótti um inn-
göngu í félagið fyrir Sigurjón Jónasson á þeim grund-
velli að hann væri undanþeginn störfum og skyld-
um félagsins, en vel þeginn sjálfboðaliði í hvívetna.
Var það samþ. Einnig var samþ. að leita væri aðstoð-
ar af kvenfólki, svo sem skreytingu og matar-
mokstri.

IX Borið undir atkv. hvort fél. ætti að reka veitingar á sinn
kostnað á samkomunni. Það var samþ. með öllum atkv.

X Páll Jónasson þurfti nú að yfirgefa fundinn og hóf því
kveðju atkvæði sína. Hún fór hátíðlega fram og hver bað öðru
heilla af heilum hug. Að því búnu tóku fundarmenn til [starfa]

XI Inngangseyrir á samkomuna var ákveðinn fyrir fullorðna
kr. 1.50 með kaffi; fyrir börn kr. 0.75; sömuleiðis kaffi.

XII Stjórninni falið að annast aðdrætti. Málið tekið af dagskrá.

XIII Kosin stjórn félagsins. Kosningu hlutu: Leó Jónasson með 15
atkv., Þór. Jónasson með 13 atkv. og Magnús H. Gíslason með
12 atkv. Varamenn: Sig. Ólafsson með 10 atkv. Páll Jónasson
með 2 atkv. og Karl J. Magnússon með 2 atkv.

XIIII Sambandsfulltrúakosning. Þessir voru kosnir: Magnús
H. Gíslason með 14 atkv., Leó Jónasson með 12 atkv. og Sigurður
B. Jónasson með 6 atkv. með hlutkesti milli hans og Karls Magn.

XV Skipaður fundarstjóri til næsta fundar Karl J. Magnúss. Tveir
ritnefndarmenn höfðu ekki skilað verkum og voru látnir
sitja áfram, Sigmari Hróbjartssyni bætt við. Síðan leit fundarstj. yfir
gjörðir fundarins og syndust harla góðar; sungin nokkur lög. Sunti slitið
Að því búnu dansaði þyngra fólkið fram til kl. 8 á morgun. og fór síðan
hver heim til sín. Þetta er vissulega satt. (Þórarinn Jónasson rit.
Magnús H. Gíslason ritari)

Ǻndargjörðabók Keldudal

Heqa.

Lánað eptir Ballið.

~~að Kdal~~. 49 kökur + 52 Hringar

~~að Egg: 2 jólakökur + 23 kökur + 30 kleinur~~

að Hriandal. ~~1½ Terta + 5 pund molasikur +~~
~~2½ pund Kaffi + 3 stikki export.~~
~~1. — — — 2½ — —~~

(Skemti nemdin.)

Lánað eptir Balla

fundarstjóri 22/9 1932

Ǻndargj. Holbum Lísl

Fur

l

Stefán Magnússon.